

**Nd.**

**585. Breytingartillaga**

[180. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá fjármálaráðherra.

1. Á eftir 9. gr. komi ný grein, sem verði 10. gr., svo hljóðandi:

Undirbúningsfélagi saltverksmiðju á Reykjanesi hf. er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að 100 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til greiðslu skammtímaskulda sem á fyrirtækinu hvíla.

2. 11. gr., sem verði 12. gr., hljóði svo:

Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 5., 6., 7., 8., 9. og 10. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt f. h. ríkissjóðs, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, er standa munu að nýjum iðnaðarverkefnum, að fjárhæð allt að 250 millj. kr.